
F U N D A R G E R ð

- Fundur:** 80. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími: Miðvikudagur 20. nóvember 2002, kl. 13:00-14:45
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi
Fundarefni:
- 1) Samantekt Orkustofnunar á truflunum síðustu 10 ára.
 - 2) Uppfærsla á tölum um kostnað vegna skorts.
 - 3) Breytingar á Orkustofnun vegna nýrra raforkulaga. Hvaða áhrif hefur það á starf hópsins.
 - 4) Þátttaka í hópnum og kostnaðarskipting.
 - 5) Staða skráningar og gögn Hitaveitu Suðurnesja.
 - 6) Gæði raforku.
 - 7) Norrænt verkefni.
 - 8) Áætlun um starfið á næsta ári.
 - 9) Stuðlar.
 - 10) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:

Helga Jóhannsdóttir
Gunnar Haukur Gunnarsson
Steingrímur Jónsson
Kristín Haralda Cecilisdóttir
Jakob Ólafsson
Ólafur Pálsson
Egill Sigmundsson

Verkfræðistofan Afl:

Jón Vilhjálmsson

Orkustofnun:

Porkell Helgason

- 1) Hjó bauð ÞH velkominn á fundinn og skýrði frá ástæðu þess að hópurinn hefði fengið hann á sinn fund og JV rakti starf hópsins í gegnum tíðina. ÞH taldi áhugavert að taka saman gögn um truflanir á síðustu 10 árum m.a til að geta borið saman tíðni truflana fyrir og eftir skipulagsbreytingar. ÓP taldi að það væri um mánaðar vinna að taka saman slíka skýrslu. JV mun senda gögn til ÓP þegar þau liggja fyrir frá Hitaveitu Suðurnesja.

- 2) HJó spurði ÞH hvort Orkustofnun mundi taka saman tölur um kostnað vegna skorts í nýju umhverfi raforkumála. ÞH rakti þær tillögur sem koma fram í frumvarpi til raforkulaga og hvernig það tengist kostnaði vegna skorts. Hann sagði að ennþá lægi einungis fyrir frumvarp og því væri of snemmt að fullyrða neitt um breytt skipulag. Einnig hefði Orkustofnun og aðrir nóg að gera þegar að skipulagsbreytingum kæmi og þá væri um að gera breyta ekki hlutum sem væru í góðum höndum. Hópurinn miðar því áfram að því að fara yfir tölur um kostnað vegna skorts í byrjun næsta árs og uppfæra þær tölur.
- 3) ÞH sagði að Orkustofnun stefndi að því að hafa eftir skipulagsbreytingar sem mest samstarf við þá sem koma að þeim málum. Hann mæltist því til þess að hópurinn heldi sínu striki.
- 4) JV sagði að kostnaðarskipting sem rædd var á síðasta fund hafi verið samþykkt af Orkuveitu Reykjavíkur og hafa því allir samþykkt hana og mun hún gilda á næsta ári.
- 5) ES sagði að skráning truflana í dreifingu lægi fyrir fram eftir ári 2002 og í Svartsengi væri búið að skrá fyrstu 10 mánuði ársins 2001. Hann ætlar að senda gögn til JV úr grunninum svo hann geti farið yfir gögnin.
- 6) Allir töldu að hópurinn væri vel til þess fallinn að fjalla um gæði raforku enda er enginn annar aðili til staðar sem gerir slíkt. KHC sagði að mælingar væru í gangi hjá Orkuveitu Reykjavíkur og ætlar hún að kanna frekar það starf sem þar er í gangi og senda JV upplýsingar um það. HJó sagði að Landsvirkjun mundi hefja vinnu við að skilgreina þessa þætti hjá sér upp úr áramótum. Rætt var um að safna þyrfti gögnum um það sem fyrirtækin eru að gera á þessu sviði, setja fram vinnureglur svo sem um hvað og hvar á að mæla, ákveða tíðni úrtaksmælinga og fl. HJó og JV var falið að vinna frekar að þessu máli.
- 7) SJ sagði að Rarik mundi ekki taka þátt í norræna verkefninu sem rætt var á síðasta fundi. JV var falið að svara formlega þessari málaleitan.
- 8) JV dreifði áætlun um starfið á næsta ári. Þar er gert ráð fyrir að Afl vinni 700 tíma fyrir hópinn á næsta ári. Engar athugasemdir komu við áætlunina og var gefinn frestur til loka næstu viku til að koma með athugasemdir.

- 9) Fundarmenn ætla að skoða stuðla sem koma fram í skýrslu á heimasíðu hópsins.
- 10) KHC sagði að mikið væri spurt um tíðni truflana af fyrirtækjum og væri slíkt stöðugt að aukast.

Fleira ekki gert. Næsti fundur 19. mars 2003 hjá Orkuveitu Reykjavíkur en fyrir þann fund verður haldinn fundur með skráningaraðilum.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum: Vinna Verkfræðistofunnar AFLs fyrir starfshóp um rekstrartruflanir á árinu 2003. (JV)